



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Skólaípróttir 8. - 10. bekkur

Kennarar: Elvar, Anna, Zsuzsanna og Sandra

Megintilgangur skólaípróttar og heilsueflingar í grunnskóla er að efla líkamlega, andlega og félagslega vellíðan nemenda með reglubundinni hreyfingu, fræðslu og uppbyggilegum viðhorfum til heilbrigðs lífsstíls. Í gegnum fjölbreyttar ípróttir og líkamsrækt fá nemendur tækifæri til að styrkja líkama og huga, efla sjálfstraust, læra að setja sér markmið, takast á við áskoranir og rækta jákvæð samskipti. Kennslan á að taka mið af þörfum allra nemenda og stuðla að jafnræði, virðingu og vellíðan. Útikennsla og íslensk náttúra veita dýrmæt tækifæri til hreyfingar, sjálfstæðis og tengsla við umhverfið og mikilvægt er að nýta það í skólastarfinu.

Meginviðfangsefni

Nemendur eiga að læra um áhrif hreyfingar á heilsu og líðan, átta sig á eigin ábyrgð á vellíðan sinni og fá tækifæri til að tengja áhugasvið við hreyfingu. Kennslan á að byggjast á markvissri hreyfipjálfun og skýrri fræðslu þar sem lögð er áhersla á þátttöku, gleði og seiglu og að nemendur fái að njóta styrkleika sinna og læri að nýta þá til að byggja upp heilbrigðan lífsstíl til framtíðar.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - Skólaípróttir](#)

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu standur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Námsgögn

- Námsfni frá kennurum og námsbækur frá mms.is
- Námsvefir
- Tímaritsgreinar, pistlar, greinar
- Fræðilegir textar

Námsmat

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat. Nemendur fá að velja um ýmsar leiðir til þess að tjá skilning sinn á tilteknu viðfangsefni. **Mikilvægt er að nemendur skili verkefnum jafnt og þétt yfir önnina til þess að tryggja að matið gefi rétta mynd af stöðu nemanda.**